

Miðvikudaginn 7. október 1981.

**Nr. 191/1981. Félagsmálaráðherra f. h.
félagsmálaráðuneytis
gegn
Lífeyrissjóði byggingamanna.**

Kærumál. Skipti. Ríkisábyrgð. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. t.l. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1981, sem barst réttinum 16. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt fyrir skiptarétt Reykjavíkur að leggja efnisúrskurð á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Lífeyrissjóður byggingamanna, varnaraðili hér fyrir dómi, hefur krafið sóknaraðilja um greiðslur á grundvelli laga nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979. Í 2. mgr. 7. gr. laganna, eins og hún er eftir breytingu með áðurnefndum lögum nr. 8/1979, segir: „Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það, hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar, getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það.“ Þetta ákvæði samrýmist illa meginreglum réttarfars, eins og rakið er í hinum kærða úrskurði. Engu að síður veitir ákvæðið eftir ótvíræðum orðum sínum sóknaraðilja rétt til að fá úrskurð skiptaréttar um tiltekin atriði. Verður því eigi fallist á úrlausn hins kærða úrskurðar, og ber skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber skiptaráðanda í Reykjavík að taka málið til úrlausnar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 31. ágúst 1981.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. ágúst sl., að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili, félagsmálaráðherra, gerir aðallega þá kröfu, að synjað verði með úrskurði kröfu varnaraðilja, Lífeyrissjóðs byggingamanna, þess efnis, að ábyrgð ríkissjóðs sé fyrir hendi vegna lýstra krafna lífeyrissjóðsins í protabú Smíðavals h/f. Til vara krefst hann þess, „að úrskurðað verði, að ríkisábyrgð nái ekki til 6% móttframlags Smíðavals h.f.“ til lífeyrissjóðsins, en til þrautavara er krafist lækkunar á kröfum lífeyrissjóðsins að mati réttarins. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili, Lífeyrissjóður byggingamanna, krefst þess, að úrskurðað verði, að kr. 4.693.97 af lýstri kröfu hans í protabú Smíðavals h/f falli innan ríkisábyrgðar á launum við gjaldprot. Til vara er þess krafist, að úrskurðað verði, að lægri fjárhæð að mati réttarins falli innan ríkisábyrgðar. Í báðum tilvikum er krafist vaxta, eins og þeir eru ákveðnir í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 302/1975, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 128/1979, og málskostnaðar að mati réttarins.

Leitað hefur verið sátta án árangurs.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að með úrskurði réttarins, uppkveðnum 23. febrúar 1981, var bú Smíðavals h/f í Reykjavík tekið til gjaldprotaskipta að kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Innköllun var gefin út í búið, og lauk kröfulýsingarfresti þann 10. júní 1981. Innan hans bárust kröfur frá gjaldprotabeiðanda, að fjárhæð kr. 43.332.00, og forgangskrafa frá varnaraðilja máls þessa með bréfi, dagsettu 26. apríl 1981, að fjárhæð kr. 21.692.05 auk vaxta og kostnaðar. Kröfu þessa kvað varnaraðili vera vegna ógreiddra iðgjalda hins gjaldprota félags til lífeyrissjóðsins, og er krafan sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

Iðgjöld ársins 1975, sem varnaraðili kveður áætluð af sjóðnum á þann hátt, að lagt var á hið gjaldprota félag samkvæmt upplýsingum skattstofunnar í Reykjavík lífeyristryggingagjald árið 1976 að fjárhæð gkr. 159.650, en með því að vikugjald, sem lagt er til grundvallar ákvörðunar álagningar þessarar, var á þeim tíma gkr. 310 fyrir hvern starfsmann félagsins á viku, gefi

það til kynna, að starfsfólk hafi verið í vinnu hjá félaginu í samtals 515 vinnuvikur á árinu 1975. Lífeyrissjóðurinn hafi á þessum tíma haft að svonefndu viðmiðunargjaldi, að til hans yrðu samtals greiddar gkr. 1.478 í iðgjöld fyrir hvern starfsmann í hverri viku. Samkvæmt þessum upplýsingum hafi greiðslur hins gjaldþrota félags til sjóðsins fyrir ár þetta átt að vera sem hér segir:

Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa):	gkr. 304.468
Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa):	gkr. 456.702

Hið gjaldþrota félag skilaði á ári þessu að sögn varnaraðilja iðgjöldum, sem svara til 189 vinnuvikna, eða gkr. 279.540

og telur varnaraðili því ógreidd iðgjöld vera vegna ársins 1975 gkr. 481.630

Iðgjöld ársins 1976 eru áætluð á sama hátt, en á félagið kveður varnaraðili hafa verið lagt lífeyristryggingagjald að fjárhæð gkr. 106.480, en á þessu ári var álagning gjaldsins við það miðuð, að fyrir hverja vinnuviku starfsmanns skyldu greiðast gkr. 440, en samkvæmt því hafi verið unnar hjá hinu gjaldþrota félagi 242 vinnuvikur. Viðmiðunargjald lífeyrissjóðsins þetta árið var að sögn varnaraðilja gkr. 1.933. Áætluð iðgjöld sundurliðast því þannig:

Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa):	gkr. 187.066
Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa):	gkr. 280.599

eða samtals 10% iðgjald: gkr. 467.665

Á ári þessu kveður varnaraðili félagið hafa skilað iðgjöldum til sjóðsins, sem svara til 79 vinnuvikna, eða gkr. 152.586

og telur varnaraðili því ógreidd iðgjöld vegna ársins 1976 vera gkr. 315.079

Varnaraðili kveður ekki hafa verið unnt að afla upplýsinga, sem hægt væri að leggja til grundvallar áætlun um iðgjaldaskuld vegna ársins 1977. Iðgjöld ársins 1978 eru enn áætluð á sama hátt, en varnaraðili segir, að á félagið hafi verið lagt atvinnuleysistryggingagjald árið 1979 að fjárhæð gkr. 47.700, en við álagningu þess gjalds hafi verið við það miðað, að greiddar yrðu gkr. 300 fyrir hverja vinnuviku, og hafi félagið því haft starfsmann í vinnu samtals 159 vinnuvikur. Viðmiðunargjald lífeyris-

sjóðsins kveður varnaraðili hafa verið á þessu ári gkr. 4.042 fyrir hverja vinnuviku. Séu því iðgjöldin áætluð á eftirfarandi hátt:
 Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa): gkr. 257.071
 Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa): gkr. 385.606

eða samtals 10% iðgjald gkr. 642.677
 Varnaraðili kveður félagið hafa á þessu ári greitt til
 sín iðgjöld, sem samsvara 98 vinnuvikum, eða gkr. 396.735

og séu því ógreidd iðgjöld vegna ársins gkr. 245.942

Iðgjöld ársins 1979 segir varnaraðili hafa þannig verið áætluð, að á félagið hafi árið 1980 verið lagt atvinnuleysistryggingagjald að fjárhæð gkr. 85.042 og hafi við þá álagningu verið miðað við, að fyrir hverja vinnuviku skyldu greiðast gkr. 421, og hafi því verið um 202 iðgjaldsskyldar vinnuvikur að ræða á því ári. Viðmiðunargjald lífeyrissjóðsins hafi verið gkr. 5.577, og eru því iðgjöldin áætluð sem hér segir:

Iðgjaldahluti starfsmanna (4% launa): gkr. 450.662
 Iðgjaldahluti vinnuveitanda (6% launa): gkr. 675.892

eða samtals 10% iðgjald: gkr. 1.126.554

Varnaraðili kveður félagið ekkert hafa greitt til sjóðsins vegna ársins 1979.

Varnaraðili kveður félagið ekki hafa skilað upplýsingum vegna árána 1980 og 1981 og hafi ekki tekist að afla gagna til þess að áætla iðgjöld þeirra ára.

Samtala áðurgreindra áætlaðra iðgjalda er því kr. 21.692.05.

Við uppskrift þrotabúsins, sem fram fór 9. apríl sl., var búið lýst með öllu eignalaust af fyrrverandi stjórnarmanni félagsins.

Skiptaráðanda í búinu barst þann 11. maí 1981 bréf félagsmálaráðuneytisins, þar sem meðal annars segir: „Með vísan til 6. gr. laga nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sendir ráðuneytið yður, herra skiptaráðandi, til umsagnar ljósrít af erindi Hákonar H. Kristjónssonar hdl. f. h. Lífeyrissjóðs byggingamanna, þar sem farið er fram á, að ráðuneytið greiði lífeyrissjóðsiðgjaldahluta (þ. e. 4% launa) starfsmanna Smíðavals h.f. vegna gjaldþrots félagsins fyrir tímabilið 23/8 '79 — 23/2 1981.

Beiðst er umsagnar yðar, herra skiptaráðandi, um kröfuna. Í umsögninni þurfa að koma fram eftirtalin atriði:

.....

2. Hvort kröfunni fylgi forgangsréttur skv. lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. (sjá lög 23/1979).
3. Hvort viðkomandi launþegi hafi átt í hinu gjaldþrota fyrirtæki eða hafi verið forstjóri þess eða stjórnarmaður, eftir að fjárhag þess fór verulega að halla. Hafi launþeginn átt hlut í fyrirtækinu, þarf að upplýsa, hve stór sá hlutur var. . .“

Með bréfi þessu fylgdi ívitnað ljósrit af bréfi lögmannsins til ráðuneytisins, og þykja meginatriði þess nægilega rakin í ofangreindri tilvitnun.

Bréfinu svaraði skiptaraáðandi 12. maí 1981, og er um umrædd fyrirspurnaratriði sagt:

- „2. Samkvæmt 4. tl., sbr. 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, getur forgangsréttur einungis fylgt þeim hluta ofangreindrar kröfu, sem fallið hefur í gjalddaga eftir 23. ágúst 1979. Samkvæmt framburði fyrirsvarsmanns hins gjaldþrota félags hér fyrir rétti starfaði félagið ekkert á árunum 1980 og 1981. Í kröfulýsingu er ekki að finna sundurliðun á því, hvaða hluti umkrafinna iðgjalda hefur fallið í gjalddaga eftir 23. ágúst 1979, en þar er væntanlega unnt um að kenna því, að skilagreinum var ekki skilað til sjóðsins frá félaginu. Verður því að ætla, að 5/12 hlutar iðgjalda ársins 1979 hafi fallið í gjalddaga eftir 23. ágúst 1979, eða alls kr. 1.877.75 af þeim hluta kröfunnar, sem krafist er greiðslu á frá hinu háa ráðuneyti. Skiptaráðandi mun taka þá afstöðu til framkominnar kröfu í skrá um lýstar kröfur samkvæmt 108. gr. laga nr. 6/1978 að vera samþykkur viðurkenningu á forgangsrétti framangreindrar fjárhæðar, kr. 1.877.75, ásamt samsvarandi mótframlagi atvinnurekanda til Lífeyrissjóðsins, kr. 2.816.22. Að öðru leyti mun skiptaráðandi lýsa sig andvígán viðurkenningu á forgangsrétti kröfunnar.
3. Skiptaráðandi getur ekki svarað 3. tl. fyrirspurnar yðar, þar sem hvergi er að finna í fyrirbyggjandi gögnum upplýsingar um, hverjir launþegar þeir séu, sem krafist er greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda fyrir“.

Í skrá um lýstar kröfur í þrotabúið, sem gerð var í samræmi við 108. gr. laga nr. 6/1978 þann 18. júní 1981, lýsti skiptaráðandi þeirri afstöðu til viðurkenningar lýstrar kröfu varnaraðilja máls þessa, að hann legðist gegn viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar að því leyti sem hún teldist fallin í gjalddaga fyrir 23. ágúst 1979. Ætla yrði, að 5/12 hlutar lýstrar kröfu varnar-

aðilja vegna iðgjalda ársins 1979 hafi fallið í gjalddaga eftir greint tímamark, eða kr. 4.693.97, sem skiptaráðandi lýsti sig samþykkan, að viðurkenndist sem forgangskrafa í búíð. Að öðru leyti lýsti skiptaráðandi sig samþykkan því, að krafa varnaraðilja teldist almenn krafa í búíð. Varnaraðilja var bréflega gerð grein fyrir þessari afstöðu. Andmæli gegn afstöðu skiptaráðanda til viðurkenningar kröfunnar bárust hvorki fyrir né á skiptafundi í búinu, sem haldinn var 25. júní 1981, og taldist hún því samkvæmt 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 endanlega samþykkt.

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, sem barst skiptaráðanda á áðurgreindum skiptafundi, var honum tjáð, að ráðuneytið væri þeirrar skoðunar, að fjárhæð sú, sem varnaraðili máls þessa krefðist greiðslu á úr ríkissjóði, félli ekki innan ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot og af hendi ráðuneytisins væri óskað eftir því, að skiptaráðandi úrskurðaði um álitaefni þetta samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979. Af hálfu varnaraðilja var þessari skoðun ráðuneytisins andmælt og ágreiningsefnið tekið til úrlausnar í máli þessu. Áður en til munnlegs flutnings málsins kom, breytti varnaraðili upphaflegri kröfu sinni á þá leið, að í stað þess eins að krefjast greiðslu iðgjaldaframlags starfsmanna hins gjaldþrota félags úr ríkissjóði, eins og gert var í áður nefndu bréfi hans til sóknaraðilja, krafðist hann að auki, að úrskurðað yrði, að móttframlag vinnuveitanda félli einnig innan ríkisábyrgðar, og varð því fjárhæð kröfu hans að svo breyttu sú, er í upphafi úrskurðar þessa getur. Af hálfu sóknaraðilja var því lýst yfir við munnlegan flutning, að samþykkt væri af hans hendi, að breyting kæmist að í málinu.

III.

Sóknaraðili hefur fært þau rök fyrir aðalkröfu sinni, að varnaraðili geti ekki verið sjálfstæður aðili kröfugerðar á hendur ríkissjóði eftir lagafyrirmælum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, heldur einungis launþegi sjálfur. Vitnar hann til 1. gr. reglugerðar nr. 302/1975 um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot, en upphafsorð ákvæðisins eru svofelld: „Ríkissjóði ber að greiða launþegum vangreidd laun fyrir vinnu . . .“. Hvergi sé að finna lagaheimild til þess, að lífeyrissjóður geri kröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt reglum um ríkisábyrgð á launum. Tilgangur laga um ríkisábyrgðina sé jafnframt sá að koma í veg fyrir, að launþegi verði fyrir skakkaföllum vegna gjaldþrots

vinnuveitanda, en ekki að varna öðrum tjóni, t. d. lífeyrissjóðum. Þá telur sóknaraðili, að ekkert sé fram komið því til stuðnings, að Lífeyrissjóður byggingamanna eigi öðrum lífeyrissjóðum fremur kröfu á greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda allra starfsmanna félagsins. Varnaraðili áætli kröfu sína á grundvelli framtalins vinnuvikufjölda hjá félaginu, en þar gætu með taldir verið skrifstofumenn eða verkamenn í þjónustu félagsins, sem tilheyra öðrum lífeyrissjóðum.

Sóknaraðili bendir jafnframt á aðalkröfu sinni til stuðnings, að þótt að öðru jöfnu sé viðurkennt, að ríkisábyrgð nái til iðgjaldahluta launþega til lífeyrissjóðs, 4% launa, sem vinnuveitandi heldur eftir af launum starfsmanna, þá álíti hann, að til þess þurfi ávallt að liggja fyrir upplýsingar um nöfn þeirra launþega, sem unnið hafa fyrir laununum, og hver fjárhæð þeirra er, enda verði ekki með öðru móti sannreynt, hvort fullnægt sé skilyrðum ríkisábyrgðar. Enn fremur, að með því að ekki er vitað, um hverja launþega er að tefla í þessu tilviki, þá rísi sú spurning, hverjum til hagsbóta greitt yrði til lífeyrissjóðsins. Framlagi til lífeyrissjóðs hljóti ávallt að fylgja réttindaávinningur launþega þess, sem greitt er fyrir. Yrði greiðslukrafa varnaraðilja tekin til greina, yrði það annað hvort öðrum sjóðfélögum til hagsbóta eða sjóðnum sjálfum, en varla þeim launþegum, sem í raun voru starfsmenn hins gjaldþrota félags. Væri það jafnvel andstætt reglum sjóðsins að veita greiðslu sem þessari viðtöku.

Um varakröfu sína þess efnis, að úrskurðað verði, að ríkisábyrgð nái ekki til iðgjaldahluta hins gjaldþrota félags til lífeyrissjóðs, sem nemur 6% af fjárhæð launa, segir sóknaraðili, að móttframlag þetta geti aldrei talist til „vinnulauna“ í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979. Þótt krafa um slík „launatengd gjöld“ geti talist forgangskrafa í þrotabú samkvæmt 4. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, þá er ekki sjálfgefið, að jafnframt sé um kröfu að ræða, sem ríkisábyrgð nær til. Ríkisábyrgðin nái t. d. til launa, orlofsgreiðslna, bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings og örorku eða dánarbóta vegna vinnuslysa. Séu þetta greiðslur launa eða bóta beint til launþega. Lífeyrissjóðsframlag vinnuveitanda sé þessu eðlisólíkt, t. d. teljist það ekki starfsmanni til skattskyldra tekna. Þótt móttframlag vinnuveitanda sé reiknað sem hlutfall greiddra launa til starfsmanns, þá sé þar aðeins um útreikningshátt að ræða, sem ekki gerir að verkum, að hægt sé að telja framlag þetta til launa starfsmanns.

Sóknaraðili styður þrautavarakröfu sína um, að kröfur varnaraðilja sæti lækkun að mati réttarins, þeim rökum, að ekkert liggi fyrir um, hver laun starfsmanna hins gjaldþrota félags hafi í raun verið og þar með hverjar greiðslur til lífeyrissjóðs hafi átt að vera. Krafa varnaraðilja sé þannig byggð á ágiskun. Þá bendir sóknaraðili einnig á, að ekki sé hægt að leggja til grundvallar, að 5/12 hlutar iðgjaldakrafna vegna ársins 1979 hafi fallið í gjalddaga eftir 23. ágúst þ. á., þar sem bæði geti verið, að öll laun hafi í gjalddaga verið fallin fyrir þann dag eða þá annað hlutfall heildarlauna ársins.

Um þá málsástæðu sóknaraðilja, að einungis launþegi sjálfur geti krafist greiðslu frá ríkissjóði í skjóli ríkisábyrgðar, heldur varnaraðili því fram, að af langri framkvæmd verði að telja viðurkennt af hálfu sóknaraðilja, að lífeyrissjóðir geti átt rétt á greiðslu eftir reglum um ríkisábyrgðina, enda hafi það tíðkast fram til þessa án athugasemda.

Þá hefur varnaraðili haldið því fram, að honum beri öðrum lífeyrissjóðum fremur greiðsla umræddra iðgjalda, enda hafi hið gjaldþrota félag rekið samkvæmt hlutafélagaskrá byggingaþjónustu og verktakastarfsemi. Ef síðar kynni að koma í ljós, að einhverjir fyrrverandi starfsmanna félagsins tilheyri öðrum lífeyrissjóði, þá tíðkist í samskiptum sjóðanna að millifæra ranglega innheimt iðgjald sín á milli, en ef til þess kæmi, þá eigi fjármálaráðherra samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980 að úrskurða, til hvers lífeyrissjóðs iðgjald skuli renna, verði um það ágreiningur. Sé öðru fremur mikilvægt, að iðgjöldin fáist nú greidd, því hægt væri á síðara stigi að millifæra þau til réttra aðilja, og geti það heldur ekki leyst sóknaraðilja undan greiðsluskyldu, þótt vafi sé um það, hvert greiðsla skuli að endingu renna.

Varnaraðili hefur bent á það, að þótt að svo komnu sé ekki vitað, hverjir einstakir starfsmenn hins gjaldþrota félags voru, megi finna um það gögn hjá skattayfirvöldum, sem sóknaraðili hefur aðgang að samkvæmt 11. gr. laga nr. 31/1974, en slíkan aðgang hafi varnaraðili hins vegar ekki. Sé í lögum þessum gert ráð fyrir sjálfstæðu frumkvæði sóknaraðilja til öflunar gagna um réttmæti kröfu um greiðslu eftir reglum um ríkisábyrgð og geti skortur á frumkvæði til þessa af hendi sóknaraðilja ekki velt fjárhagslegu tapi yfir á lífeyrissjóði eða valdið launþega réttindatapi. Það sé í samræmi við tilgang laga nr. 31/1974, að ríkissjóður bæti lífeyrissjóðum fjárhagslegt tap af gjaldþroti launagreiðenda, til þess að haldið verði til haga réttindum, sem

launþegi hefur áunnið með vinnu sinni. Þá kveður varnaraðili launþega seint snúa sér til lífeyrissjóða til að gæta að, hvort iðgjöld hafi verið greidd, og geri þeir það einkum í tengslum við umleitanir um fyrirgreiðslu frá sjóðunum. Hafi varnaraðili þannig engin tók á að afla upplýsinga um nöfn starfsmanna hins gjaldþrota félags, en bærist sjóðnum hins vegar greiðsla umkrafins fjár nú, væri féð til reiðu, þegar óhjákvæmilega kæmi síðar að því, að viðkomandi launþegar gæfu sig fram.

Varðandi varakröfu sóknaraðilja vitnar varnaraðili til þess, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, nái ríkisábyrgð til vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3/1878 með síðari breytingum. 4. tl. 84. gr. þeirra laga telji lífeyrissjóðsiðgjöld til vinnulauna, og er þar enginn greinarmunur gerður á því, hvort framlag eigi frá launþega að koma eða atvinnurekanda. Báðir hlutar iðgjaldsins skapa réttindi fyrir launþega, en ekki öðlast launagreiðandi nokkurn rétt með greiðslu iðgjaldshluta síns. Í raun sé iðgjaldshluti vinnuveitanda því laun starfsmanni til handa, og telur varnaraðili ríkissjóð bera ábyrgð á öllum launum, í hvaða formi sem greiða á þau, teljist þau til forgangskrafna samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 og sé þetta áréttað í 9. gr. laga nr. 55/1980.

Um þrautavarakröfu sóknaraðilja segir varnaraðili greiðslukröfu sína miðaða við tiltekna fjárhæð, sem lífeyrissjóðir nefna viðmiðunarlaun, og er ætlað, að iðgjaldagreiðsla af viðmiðunarlaunum í eitt ár gefi launþega réttindi hjá viðkomandi lífeyrissjóði, sem nema einu réttindastigi. Vinnuviknafjöldi sé fundinn af álagningu opinberra gjalda. Varnaraðili kveður sig ekki eiga kost á öðrum úrræðum til að áætla vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld og verði einnig að ætla, að vinnuviknafjöldi hjá hinu gjaldþrota félagi hafi dreifst jafnt yfir árið 1979, og falli því 5/12 hlutar launagreiðslna innan tímamarka 4. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, þar sem sóknaraðili hefur ekki neytt heimilda sinna til að afla gagna hjá opinberum stjórnvöldum, sem gætu leitt annað í ljós.

IV.

Rétt þykir að svo komnu að víkja að formhlið máls þessa.

Orðalagi aðalkröfu sóknaraðilja er hagað á þann veg, að synjað verði með úrskurði kröfu varnaraðilja þess efnis, að ábyrgð ríkissjóðs sé fyrir hendi vegna hluta lýstrar kröfu hans í þrotabú Smíðavals h/f. Í bréfi sóknaraðilja, sem upptök átti að meðferð

máls þessa hér fyrir rétti, er frá því greint, að úrskurðar skiptaráðanda væri beiðst um málefni þetta með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979. Ákvæði það hljóðar svo: „Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það“.

Í lögunum eru hvergi nánari fyrirmæli um framkvæmd þessa lagaákvæðis. Greint ákvæði er þó eigi svo tvímælalaust, að þess hefði ekki gerst þörf. Er, svo dæmi sé nefnt, hvergi um það fjallað, hver áhrif undangengin meðferð skiptaráðanda á lýstri kröfu við búsmeðferð hefur, þegar leitað er greiðslu sömu kröfu hjá ríkissjóði í skjóli ríkisábyrgðar. Óljóst er því, undir hverjum kringumstæðum geti leikið vafi á „um réttmæti kröfu“ í merkingu þessa ákvæðis. Heldur er ekki um það fjallað, hvort eða á hvern hátt heimild téðs embættis til þess að leita úrskurðar skiptaráðanda „um það, hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar“, tengist þessu áðurnefnda atriði eða hvort slík umleitan þurfi að standa í ákveðnum tengslum við skiptameðferð bús. Af þessum sökum þykir ekki verða hjá því komist, að athugað verði nánar, hvort ákvæði þetta sé nægileg heimild til þess, að ágreiningsatriði í máli þessu geti sætt úrlausn skiptaráðanda.

Ekki verður séð, að sérstaklega hafi verið gerð grein fyrir ákvæði þessu eða að um það hafi verið rætt, er fyrir Alþingi lá frumvarp það, sem lögfest var og út gefið sem lög nr. 8/1979. Er því ekki unnt í slíkum lögskýringargögnum að leita nánari skýringa á því, hvað hafi fyrir löggjafanum vakað með ákvæði þessu.

Um það, hverjir málaflokkar heyra undir úrlausnarvald skiptaréttar, eru hvergi bein lagaákvæði. Af þeim helstu lagareglum, er fjalla um skiptameðferð, má þó draga þá almennu ályktun, að þau ágreiningsefni, sem undir úrlausnarvald skiptaréttar falla, séu nær eingöngu þau, sem varða, hvort bú skuli koma til skipta, hverjar kröfur komist að við búskiptin, í hverri röð þær hljóti fullnægju og hvernig með eignir bús skuli farið. Þá er einnig heimild til þess í 112. gr. laga nr. 6/1978, að dómsmál, sem höfðað er af þrotabúi, megi reka fyrir skiptarétti, ef aðiljar þess semja svo, en í slíku tilviki er um úrlausn málefnis að ræða, sem ná tengt er meðferð bús að öðru leyti. Þau megin sjónarmið virðast því eiga næga lagastoð, að skiptaréttur kveði aldrei á um skyldur þriðja manns, nema um það sé sérstaklega samið, sbr. 112. gr. laga nr. 6/1978, og er þá skilyrði, að um úrlausn sé að ræða um skyld-

ur hans gagnvart búi, heldur takmarkist dómsvald skiptaréttarins við úrlausnir í ágreiningsefnum milli aðilja skiptanna um réttindi þeirra á hendur búi og um málefni, er beint varða skiptameðferð bús á annan hátt. Skiptarétturinn hefur þannig afmarkað dómsvald og má að því leyti telja sérdómstól. Þau málefni, einkaréttarlegs eðlis, sem lögum samkvæmt lúta ekki lögsögu skiptaréttar eða annarra sérdómstóla, hljóta þannig að eiga undir hinn almenna dómstól í héraði.

2. mgr. 7. gr. laga 31/1974 kveður eftir orða sinna hljóðan svo á, að félagsmálaráðherra geti leitað sérstaks úrskurðar skiptaráðanda um málefni, sem ekki eru nauðsynlega tengd skiptameðferð, og virðist ekki vera skilyrði, að hann sé aðili að búskiptunum. Sú meginregla verður að teljast gilda, að lagaákvæði sem þetta, sem að meira eða minna leyti gengur í berhöggi við áðurgreinda meginreglu um dómsvald skiptaréttar, skuli sæta þröngri lögskýringu, þannig að ekki verði nema samkvæmt tvímælalausri og skýrri lagaheimild raskað þeirri afmörkun á dómsvaldi sérdómstóla gagnvart hinum almenna dómstóli, sem stoð á í lögum og meginreglum réttarfars um skipan dómsvalds.

Í 4. gr. laga nr. 31/1974 segir, að félagsmálaráðuneytið inni af hendi þær greiðslur, sem ríkissjóði ber samkvæmt þeim lögum að greiða. Eftir lögum þessum er umræddu stjórnvaldi ber-sýnilega falið að meta, hvort krafa á hendur ríkissjóði fullnægi lögákvæðnum skilyrðum, og styðst slík ákvörðunartaka við þau fyrirmæli laganna, um hvenær skylt eða óskylt sé að inna af hendi greiðslu. Samkvæmt 6. gr. sömu laga á launþegi að styðja kröfu sína á hendur ríkissjóði umsögn skiptaráðanda um þau atriði, sem varða réttmæti kröfu og skilyrði laganna um ríkis-ábyrgð. Í slíkri umsögn getur þó varla verið til þess ætlast, að skiptaráðandi lýsi álitinu sínu á öðrum efnum en þeim, sem staðreynd eru við búsmæðferð. Að gættum þessum aðdraganda verður að telja, að félagsmálaráðherra sé falið á grundvelli framkominna gagna og að gættum lögum að meta, hvort greiðslu skuli inna af hendi eða ekki. Telji launþegi sig misrétti beittan með synjun ráðherra á greiðslukröfu, á hann það úrræði að leita úrlausnar hins almenna dómstóls í héraði um það, hvort ákvörðun þessa stjórnvalds sé í samræmi við lög, og mundi slík málssókn, sem stoð ætti í 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, verða til þess, að dómur fengist um ágreininginn, sem fæli í sér bindandi úrlausn sakarefnisins.

Félagsmálaráðuneytið leitaði umsagnar skiptaráðanda um þær

kröfur, sem varnaraðili hefur uppi í máli þessu, með áðurívitnuðu bréfi sínu, sem barst skiptaráðanda 11. maí 1981, og verður að telja, að upplýsinga þessara hafi verið leitað á grundvelli 6. gr. laga nr. 31/1974. Í svarbréfi sínu, dagsettu 12. maí s. á., þar sem greint er frá úrlausn um réttmæti kröfunnar varðandi skiptameðferð á þrotabúinu, skírskotaði skiptaráðandi til atvika, sem að nokkru áttu stoð í þegar framkvæmdum dómsathöfnum og að öðru leyti stoð í afstöðu til viðurkenningar kröfunnar, sem skiptaráðanda bar að lýsa samkvæmt 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978, og öðlast hefur síðan endanlegt samþykki samkvæmt 1. tl. 110. gr. sömu laga. Dómsathöfnum þessum hefur ekki verið hnekkð af æðra rétti, og verður að öðru óbreyttu að leggja til grundvallar við skiptameðferð búsins. Vegna þessa er ótækur sá skýringarkostur á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, að skiptaráðandi skuli nú á ný taka til álita réttmæti fjárkröfu varnaraðilja að kröfu félagsmálaráðherra í máli þessu og kveða upp úrskurð þar um. Ekki getur það heldur átt við rök að styðjast, ef síðastgreint ákvæði er borið saman við lög nr. 31/1974 að öðru leyti og ef höfð eru í huga þau sjónarmið, sem áður er getið um, að samkvæmt lögum nr. 31/1974 og meginreglum stjórnarfarsréttar hljóti það að falla undir ákvörðunarvald félagsmálaráðherra, hvort krafa skuli greidd úr ríkissjóði í skjóli ríkisábyrgðar, að skýra eigi 2. mgr. 7. gr. laganna á þá leið, að skiptaráðandi kveði upp sérstakan úrskurð um það eitt, hvort ríkisábyrgð sé fyrir hendi eða ekki. Líta verður einnig til þess, að úrskurður skiptaráðanda, sem lyti að því einu, hvort ríkisábyrgð væri fyrir hendi eða ekki, fæli ekki í sér bindandi úrlausn sakarefnis samkvæmt meginreglu 3. mgr. 108. gr. og 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936. Enn fremur kvæði slíkur úrskurður ekki á um greiðsluskyldu ríkissjóðs og gæti þannig til þess komið, ef ríkissjóður innti ekki af hendi greiðslu, sem úrskurðað væri, að félli innan ríkisábyrgðar, að kröfuhafi yrði að heimta greiðslu kröfu sinnar með málssókn fyrir hinum almenna dómstóli, sem ekki væri bundinn af álitserð skiptaráðanda í úrskurðarformi um, hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, verður því að telja, að skýra verði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974 á þá leið, að félagsmálaráðherra geti ekki með stoð í því ákvæði leitað úrlausnar skiptaráðanda um þær málskröfur, sem hann hefur uppi í máli þessu. Ekki er heldur í öðrum lagaákvæðum að finna heimild til þessa. Með því að skiptaráðandi telst samkvæmt þessu ekki vera

bær til að skera úr máli þessu, verður ekki hjá því komist að hafna málskröfum sóknaraðilja af sjálfsdáðum.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðilja, félagsmálaráðherra, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 8. október 1981.

Nr. 67/1979. **Jónas Halldórsson**
(Gunnar Sólmes hrl.)
gegn
Lífeyrissjóðnum Sameiningu
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Lífeyrissjóðir. Iðgjaldagreiðslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1979 dómum, er upp voru kveðnir á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 22. maí 1978 og 29. desember 1978. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir með þeirri breytingu, að málskostnaður fyrir héraðsdómi verði